

nm frv. til laga um kvikmyndir og kvikmyndahús.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Nefndin leitaði álits borgarstjóra Reykjavíkur um þetta mál, og er álit hans prentað hjer með sem fylgiskjal.

Það er ekki rjett, sem stendur bæði i athugasemdunum við stjfrv. og í nefndaráliti meiri hlutans, að engin löggjöf sje hjer til um þetta efni, að minsta kosti hvað kaupstaðina snertir. Í 2. gr. laga 3. jan. 1890 nm lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina segir svo:

»Í lögreglusamþyktinni skal kveða á um það, sem þykir þurfa að skipa fyrir nm, eftir því, sem hagar til á hverjum stað: a. um reglu og velsæmi á strætum . . . . .; um reglu á veitingahúsum og skemtistöðum, er almenningur sækir, svo og um almennar skemtánir, svo sem leiki«.

Samkvæmt þessum fyrirmælum laganna hafa verið tekin i lögreglusamþykt Reykjavíkur 19. april 1919 svofeld ákvæði:

77. gr.:

»Föst kvikmyndaleikhús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar og með þeim skilyrðum að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Ákveður bæjarstjórnin, hve mikið gjald skuli greiða i bæjarsjóð fyrir leyfið, annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur einn veitt leyfi til að halda eina og eina kvikmyndasýningu í senn og ákveður þá i samráði við borgarstjóra gjald í bæjarsjóð«.

79. gr.:

»Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefir fengið leyfi til að halda sjónleik, dansleik, samsöng eða einhverja þá skemtun eða sýningu, sem talin er hjer að framan, er skyldur að sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bág við reglu eða velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slita samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem við eru staddir, að fara i burtu. Lögreglustjóri getur og fyrirskipað skoðun á kvikmyndum og bannað sýningu á myndum, sem hann telur skaðlegar eða siðspillandi«.

Samhljóða ákvæði eru i lögreglusamþyktum Akureyrar, Ísafjarðar, Seyðisfjarðar og ef til vill fleiri kaupstaða. Aftur á móti eru ákvæði i lögreglusamþyktum kaupsúna, sem jeg hefi fundið, ekki miðuð við föst kvikmyndahús, heldur einstakar sýningar, en eru í samræmi við ofannefndar reglur að því leyti, að lögreglustjóra er áskilið vald til leyfisveitingar og rjettur til myndaskoðunar, og gjald er áskilið til sveitarsjóðs.

Íslenska löggjöfin hefir því i framkvæmdinni tekið ákveðna stefnu í þessum efnum, þannig að kvikmyndasýningar eru frjáls atvinna innan þeirra takmarka, sem lögreglustjórar og bæjar- (sveitar-)stjórnir setja hver í sínu umdæmi. Á þessum grundvelli hafa kvikmyndasýningar verið reknar hjer yfir 20 ár.

Í frv. er nú farið fram á að gerbreyta þessu, leggja fullkomið einveldi yfir þessum málum í hendur dómsmálaráðherra, afarháan skatt á kvikmynda-

húsin, að  $\frac{2}{3}$  til ríkissjóðs, og sjerstaka myndskoðun á hverjum stað, þar sem kvikmyndasýningar eru. Til þess að gera sjer grein fyrir, hvort þessar breytingar sjeu til bóta, skal fyrst vikið að löggjöf annara Norðurlandarríkja um þetta.

*I Svíþjóð* er löggjöfin um þetta (frá 1911) frjálslegust og mjög lík þeim reglum, sem hjer hafa gilt. Þó er þar ekki áskilið samþykki bæjar- eða sveitarstjórna, heldur einungis lögreglustjóra. Sjerstakur skattur er enginn á kvikmyndasýningum, en ríkið lætur framkvæma skoðun á öllum myndum, sem sýna á i landinu, á einum stað og af föstum skoðunarmönnum, og greiðir myndareigandi gjald fyrir skoðunina eftir gjaldskrá.

*I Noregi* er mjer sagt, að rjetturinn til að sýna kvikmyndir sje snmstaðar áskilinn bæjar- og sveitarfjelögum, og noti sum rjettinn sjálf, með því að reka kvikmyndahúsin, en önnur leigi rjettinn einstaklingum eða fjelögum. Því miður hefir mjer ekki hepnast að ná i norsku lögin sjálf.

*I Danmörku* veitir dómsmálaráðherra (samkvæmt lögum frá 1922) eða sá, sem hann felur það, leyfi til að reka kvikmyndahús til þriggja ára i senn, eftir að leitað hefir verið álits hlutaðeigandi bæjarstjórnar. Fyrir leyfið er greitt árlegt gjald, mjög mismunandi eftir tölu sýninga og verði aðgöngumiða, þannig:

Flokkur	Tala sýninga á ári	Verð dýrustu aðgöngumiða d. kr. au.	Árl. gjald. d. kr.
1.	alt að 10	1.00	100
2.	alt að 300	1.25	300
3.	alt að 800	1.40	1000
4.	alt að 1200	1.40	2000
5.	alt að 1600	1.85	3000
6.	ótakm.	2.10	8000
7.	ótakm.	ótakm.	15000

Árgjaldið rennur að  $\frac{2}{3}$  i ríkissjóð og  $\frac{1}{3}$  i sveitar- (bæjar-)sjóð.

Samkvæmt upplýsingum, sem jeg hefi fengið, greiddu kvikmyndahúsin i Danmörku 1. apríl 1928 árgjöld sem hjer segir:

Utan Kaupmannahafnar:

181 kvikmyndahús greiddu	100 kr. hvert.
61 — — —	300 — —
101 — — —	1000 — —
7 — — —	2000 — —
7 — — —	3000 — —
0 — — —	8000 — —
1 (i Aarhus)	15000 —

I Kaupmannahöfn:

16 kvikmyndahús greiddu	1000 — hvert.
4 — — —	2000 — —
18 — — —	3000 — —
3 — — —	8000 — —
3 — — —	15000 — —

Myndskoðun er framkvæmd á einum stað i Danmörku, með svipaðri tilhögun og i Svíþjóð.

Það er alment viðurkennt á Norðurlöndum, að sænska tilhögunin hafi reynst best af þessum þremur. Samkvæmt ákvæðum í dönsku lögnum frá 1922 bar að endurskoða þau í ríkisþinginu 1927—'28, og kom þá mjög til álita að hætta alveg við þessa leyfisveitingartilhögun, eins og athugasemdir stjórnarinnar við frv. sýna, og taka upp hina sænsku tilhögun. Ein ástæða var þó færð fram á móti þessu, sem sje að erlendir kvikmyndahringir hefðu fengið eignarráð á talsverðum hluta kvikmyndahúsa í Svíþjóð. En þessi mótbára gegn sænsku tilhöguninni kemur eigi til greina hjer á landi, því að með hinum almennu lögum nr. 63 1919, um eignarrjett og afnotarjett fasteigna, og annari löggjöf, er það fyrirgirt, að útlendingar geti eignast hjer kvikmyndahús fremur en aðrar fasteignir. Í Danmörku varð þetta, ásamt því að menn voru nú orðnir vanir þessari leyfisveitingartilhögun, til þess að löggjöfin var látin standa lítið eða ekkert breytt.

Þá er að lita á það, hvernig okkar íslenska tilhögun hefir reynst. Og er þá það að segja um kvikmyndasýningar hjer í Rvík, að þær eru eitt af því mjög fáa, þar sem við stöndum fullkomlega jafnfætis nágrannaþjóðunum. Allar úrvalsmyndir, sem sýndar eru í Danmörku, eru líka sýndar hjer. Verulega ljelegar myndir, sem mörg kvikmyndahús í Khöfn verða að sætta sig við, sjást hjer ekki, og húsakynnin hjer taka langt fram flestum kvikmyndahúsum erlendis og standa jafnfætis þeim allra bestu þar.

Mjer sýnist því ekki ástæða til að vikja út af braut hinnar íslensku löggjafar í þessu efni og taka upp gerólíka og úrelta danska löggjöf á þessu sviði, sem hvergi er fylgt annarsstaðar í nálægum löndum.

Af sjerstökum ákvæðum stjórnarfrv. skal jeg því næst taka til athugunar myndskoðunina og skattgjaldið.

Myndskoðun fer í Danmörku og Svíþjóð fram á þann hátt, að í sjerstöku þar til útbúnu húsnæði er myndin sýnd, en myndskoðunarmenn sitja í stúkum og geta stöðvað myndina, hvenær sem þeim þykir þurfa, með því að styðja á hnapp. Þeir kaflar, sem myndskoðunarmenn vilja ekki samþykkja, eru svo skornir úr myndinni. Í Danmörku eru ákvæðin um þetta svo ströng, að það er numið burtu, sem hverjum einum myndskoðunarmanni þykir athugavert, en í Svíþjóð ræður meiri hluti (oddamaður tilkváddur ef þarf). Síðan gefa myndskoðunarmenn út skírteini fyrir hverja mynd, og er á það skráð stutt lýsing á efni myndarinnar, lengd hennar á undan skoðun og á eftir skoðun, og greinilega auðkent, hvort myndina má sýna börnum, eða eingöngu fullorðnu fólki. Þessi skírteini verða svo ávalt að fylgja myndinni, og hver lögreglustjóri getur heimtað, að þeim sje framvísað áður en myndin er sýnd í umdæmi hans. Auglýsingamyndir stimplar myndskoðunin einnig.

Nú er það sjerstakt um kvikmyndir þær, er hingað koma, að nær undantekningarlaust eru þær leigðar hingað til notkunar, en ekki seldar. Leigumyndunum verður að skila aftur óskemmdum, og kemur því ekki til mála að klippa úr þeim hjer eða skemma þær á annan hátt. Alment er því ekki svigrúm hjer ennþá fyrir samskonar myndskoðun og í öðrum löndum.

Fr. fer nú fram á það, að tveir myndskoðunarmenn starfi á hverjum stað, þar sem kvikmyndir eru sýndar. Dómsmálaráðherra á að skipa þá, líklega einnig að ákveða þeim laun úr ríkissjóði, en kvikmyndahúsin eiga að greiða

gjald fyrir í ríkissjóð. Svo má sýna þá mynd alstaðar í landinu, sem myndskoðunarmenn hafa leyft á einum stað. Þessir menn eiga svo loksins að hafa vald til að ákveða hámarksverð á sætum í kvikmyndahúsunum á staðnum, og hefi jeg ekki fundið neitt tilsvarendi ákvæði í dönskum eða sænskum lögum. Ef einhver verður óánægður með ákvörðnn þeirra nm verðið, sker hinn alvaldi dómsmálaráðherra einnig úr um það.

Það er nú auðsjeð, að ef þetta yrði lögleitt, gæti afleiðingin orðið sú, að hingað færu að koma óskoðaðar myndir frá útlöndum, og gagnvart slíkn fela ákvæði frv. ekki í sjer neina tryggingu fyrir viðunandi eftirliti. Ef annars þykir þörf á frekari lagaákvæðum um myndskoðun en nú eru, sýndist mjer sjálfsagt, að fyrsta lagaákvæðið væri það, að hjer mætti ekki sýna aðrar innfluttar myndir en þær, sem leyfðar hafa verið af myndskoðun einhvers þess eða þeirra ríkja, þar sem eftirlitið þykir nægilega vandlátt. En vald til þess að heimta þetta hafa lögreglustjórnir nú, og í því einu felst miklu betri trygging en í öllum ákvæðum frv. En frumvarpið býr til nokkrar bitlingastöður, þægilegar að veita — almennigur borgar.

Frv. fer fram á að leggja sjerstakan skatt á kvikmyndahúsin eftir »formúnni«:

$$20 \times a \times \frac{b}{200} \times \frac{c}{d}$$

Ekkert er að því vikið í athugasemdum frv., hve hár þessi skattur muni verða, en meiri hlutinn stingur upp á lítilsháttar breytingu. Eftir reynslu undanfarinna ára um aðsókn, verð á aðgöngumiðum og þvíuml., sem til greina kemur í þessum »formúlum«, mundi skatturinn verða á kvikmyndahúsunum hjer í bænum:

Eftir frv.:	Nýja Bíó . . . . .	kr. 15340.00
	Gamla Bíó . . . . .	— 18684.00
Eftir brtt. meiri hlutans:	Nýja Bíó um . . .	kr. 11505.00
	Gamla Bíó — . . .	— 14013.00

Til samanburðar skal fyrst athugað, hve mikið árgjald samsvarandi kvikmyndahús ættu að bera í Danmörku. Bíóin hjer hafa alt að 450 sýningar á ári, og hámarksverð sætanna má telja á 2 kr. isl., eða nm 1,64 kr. danskar. Nú er árgjald í Danmörku reiknað án tillits til sætafjölda í húsinu, þannig:

alt að	300 sýningar	og kr. 1,25	sætaverð	300 d. kr.
— —	800	— —	1,40	— 1000 —
— —	1600	— —	1,85	— 3000 —

Hvorugt svarar alveg til bíóanna hjer, en ef hjer væri beitt svipuðum grundvallarreglum og Danmörku, þar sem gjaldið er kr. 1,25 fyrir hverja sýningu með sætaverði kr. 1,40 og 1 kr. 88 au. fyrir hverja sýningu með sætaverði 1,85 kr., þá ætti árgjaldið á hvoru húsanna hjer að vera um 1 kr. 60 pr. sýningu með sætaverði kr. 1,64, eða árlega d. kr. 720,00 fyrir hvort bíóið. En nú greiða þau sjerstakt sýningargjald í bæjarsjóð, 760 kr. árlega hvort, og þetta gjald getur bæjarstjórnin hækkað, ef hún vill. Það er því alger fjarstæða að vísa í dönsku löggjöfina svo sem fyrirmynd fyrir skattákvæðum þessa frumv.

Jeg hefi kynt mjer reikninga kvikmyndahúsanna hjer í bænum nndanfarin ár og sannfærst um, að það kemur ekki til nokkurra mála, að þan geti bætt á sig skatti, hvorki þeim, sem stjfrv. stingur upp á, nje þeim, sem meiri hlntinn orðar, án þess að tekjur þeirra aukist, og sje jeg því ekki annað en að skatttrinn þýði beinlínis hækkun á verði aðgöngamiðanna, og mundi því lenda á almenningi.

Loks vil jeg leiða athygli að því, að þessi fyrirtæki greiða nú tekjuskatt og eignarskatt í rikissjóð, eins og aðrir atvinnnrekendnr. Skattstofan á heimtingn á að fá árlega reikninga þeirra og fá að skoða bæknr þeirra, og er mjer kunnugt nm, að skattstofan notaði sjer þessa heimild í tíð E. A. skattstjóra. Skattstjórinn er einnig formaður niðurjðfnnarnefndar kaupstaðarins, og sú nefnd hefir rjett til að nota alla þá vitneskju nm hag og tekjur gjaldandans, sem skattstofan fær, og svo leggur hún útsvarið á »eftir efnm og ástæðnm«, án þess að henni sjen nein takmörk sett. Hún getur því tekið handa bæjarsjóði *alt það*, sem henni þykir sanngjarnt, að bíóin borgi til almenningsþarfa, nmfram sýningargjaldið og hina núverandi lögákveðnn skatta. Að því leyti sem sjerstakur nýr rikisskattur kynni að lenda á eigendunm sjálfm, þá er það því beinlínis tekið frá bæjarsjóði, og mjer finst yfir höfnð, að rikið eftirskilji sveitarfjelögnum svo fáa og takmarkaða skattstofna, að ekki sje rjett af löggjafarvaldinu að seilast beinlínis eftir þeim sköttum handa rikissjóði, sem sveitarfjelögin njóta nú.

Að öðrn leyti visa jeg til brjefs borgarstjóra um þetta.

Að öllu þessn athugndn sýnist mjer frnmv. ekki vera til þess fallið að vera grundvöllnr nndir nýrri löggjöf nm þetta, og legg til, að það verði felt.

Alþingi, 30. mars 1929.

Jón Þorláksson.

### Fylgiskjal.

#### BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK.

14. mars 1929.

Samkvæmt tilmælnm mentamálanefndar efri deildar Alþingis leyfi jeg mjer að fara þessum orðnm nm frv. til laga nm kvikmyndir og kvikmyndahús:

Hingað til hafa bæjarstjórnir samkvæmt lögum 3. jan. 1890 nm lögreglu-samþyktir veitt öll leyfi til kvikmyndasýninga í kaupstöðunum og samkvæmt sömn lögnm ákveðið gjald í bæjarsjóð fyrir sýningaleyfi, sem ætlast er til að gangi til greiðslu útgjalda þeirra, sem sýningarnar baka lögreglnni.

Hjer í Reykjavík hefir verið litið svo á, að kvikmyndasýningar hafi það mikið menningargildi, að ekki bæri að íþyngja þeim með hán sýningargjaldi, heldnr hlynna að því, að kvikmyndahúsin gætn orðið svo góð og fullkomin, sem kostur er á og að ekki þyrfti að selja aðgang að sýningnum hærra verði, en að almenningur gæti haft þeirra not, enda þótt sýndar væru góðar og yfirleitt dýrar myndir. Bæjarstjórnin hefir því látið sjer nægja litið sýningargjald, en hinsvegar hafa útsvör kvikmyndahúsanna verið hlntfallslega há, miðað við nettótekjnr. Það hefir farið svo, að þeim tveim stofnunum, sem hjer starfa að stað-

aldri að sýningu kvikmynda, hefir vaxið svo fisknr um hrygg, að þær hafa getað komið upp ágætum kvikmyndahúsum, og þá auðvitað í trausti þess, að þær gætu haldið áfram starfseminni óhindrað.

Frumvarpið, sem nú liggur fyrir Alþingi, gerir ráð fyrir algerðri breytingu á því fyrirkomulagi, sem nú er, og miðar að því, að taka öll afskifti af kvikmyndasýningum úr höndum bæjar- og sveitarstjórna, en gera dómsmálaráðherra einvaldan yfir öllum þeim málum, er kvikmyndir snerta. Að sönnu er gert ráð fyrir, að leitað sje umsagnar sveitar- eða bæjarstjórnar áður en veitt sje leyfi til að stofna nýtt kvikmyndahús, en ráðherra þarf ekki á neinn hátt að fara eftir þeirri umsögn. Það virðist vera rjettara og í meira samræmi við alt stjórnarfyrikomulag hjer á landi, að sveitar- og bæjarstjórnir ráði því, hvernig hagað verði kvikmyndasýningum, hver í sínu umdæmi, og að minu áliti mikið heppilegra.

Ef að sémileg trygging á að vera fyrir því, að góðar kvikmyndir verði sýndar, þarf að stilla í hóf um fjölda sæta í kvikmyndahúsum, því að annars hljóta kvikmyndahúsin að sækjast eftir ódýrum myndum og helst »spennandi« til þess að laða fólkið að sjer. Það er nú svo, að fólk sækist meira eftir að sjá slíkar myndir en fræðandi myndir, sem ekki ern eins æsandi. — Hjer í bænnu eru nú tvö kvikmyndahús með samtals 1109 sætum og eru það rúm 40 sæti fyrir hverja þúsund íbúa. Í Danmörku, þar sem talið er, að kvikmyndahúsin sju mörg, eru í stærri bæjunum 40—50 sæti fyrir hverja þúsund íbúa, í Kaupmannahöfn um 30. Aðsóknin í kvikmyndahúsunum hjer er þannig, að það kemur ör-sjaldan fyrir, að öll sæti seljist. Frá því í byrjun ágúst 1927, er hið nýja hús Gamla bíó var tekið til notkunar og til loka ársins 1928, þ. e. í 17 mánuði seldust alls 358492 aðgöngumiðar að báðum kvikmyndahúsunum og þar sem 450 sýningar eru á ári í hverju húsi, verða það að meðaltali 563 menn, sem sækja hverja sýningu, þ. e. hjerumbil annað hvort sæti er að jafnaði óskipað. Bæjarstjórnin hefir ekki viljað veita leyfi fyrir fleiri kvikmyndahúsum að sinni, þar sem vitanlegt er, að þegar þjóðleikhúsið verður reist, verða þar kvikmyndasýningar og bætast þá við svo mörg sæti við kvikmyndasýningar, að nægja mun Reykjavíkurbúum um langt skeið. Ýmsir hafa á undanförunum árum sótt um leyfi til að starfrækja kvikmyndahús hjer í bænum, en bæjarstjórnin hefir ekki viljað verða við beiðnunum, þar sem hún hefir álitið, að það yrði til tjóns á ýmsan hátt og sjerstaklega til þess að gera þjóðleikhúsinu mikla erfiðieika og auka framlög af opinberu fje til þeirrar stofnunar. Hinsvegar veit jeg, að nokkrum leiðtogum Alþýðuflokksins hjer í bænum er mjög umhugað um að fá leyfi til kvikmyndasýningar í væntanlegu húsi flokksins, og munu þeir treysta á það, að slikt leyfi fáist, ef hið fyrirbyggjandi frumvarp verði að lögum.

Ákvæði frumvarpsins um að veita skuli leyfi til kvikmyndasýninga um 5 ár í senn er afar varhugavert, þar sem óhugsandi er, að nokkur lánsstofnun vildi eða gæti lánað fje til byggingar kvikmyndahúss, sem stæði á svo ótryggum grundvelli.

Ákvæði frumvarpsins um, að skólum skuli heimil notkun kvikmynda-húsa til sýninga í þarfir kenstunnar er gott, en hjer í bænum hefir aldrei staðið á því að fá að nota húsin ókeypís í þessu skyni, ef barnaskólinn hefir átt í hlut. Í hinu nýja barnaskólahúsi bæjarins verður salur til kvikmyndasýningar.

Myndskoðun virðist ekki vera mjög afar áriðandi, þar sem eingöngu eru sýndar myndir, sem skoðaðar hafa verið og samþykktar í nágrannalöndnum, en rjett kynni að vera að láta lögreglustjóra samþykkja og stimpla leyfisbrjefin fyrir myndunum og láta skoða þær einstöku myndir, sem honum þætti ástæða til. — Slík myndskoðun, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er að mínu áliti fráleit. Það getnr ekkert samræmi orðið í því, að hafa sjerstaka nefnd til að dæma nm kvikmyndir i hverjum kaupstað og i hverjum hreppi, enda alt of kostnaðarsamt. — Ef fullkomna myndaskoðun skal lögleiða, verður að vera ein dómnefnd fyrir alt landið.

Þá er loks annað aðalatriði frumvarpsins, leyfisbrjefgjöldin.

Það er ljóst, að almenningur verður að greiða öll þau gjöld, sem sýning kvikmynda hefir i för með sjer, alla þá tíð, að ekki er óhæfilega hátt verð á aðgöngumiðnm, og því meiri sem gjöldin verða, því dýrari verða aðgöngumiðarnir. Ríkissjóður hefir þegar skattlagt aðgöngumiðana um 10% með skemtanskattinum, þ. e. að meðaltali um 14 auru hvern aðgöngumiða, og það gjald, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verður einnig mjög nálægt 14 auru fyrir hvert selt sæti. Meðalverð fyrir sæti var 1928 kr. 1.48, og fengi kvikmyndahúsið af því kr. 1.20, en beinir skattar 28 aurar, ank annara skatta, sem vitanlega felast i verðinu. Ef það er viðurkent, að kvikmyndasýningin hafi menningargildi, og ef Alþingi vill styðja að því, að almenningur hafi þeirra sem best not, þá virðist það vera röng leið að skattleggja sýningarnar svona gifurlega.

Jeg er ekki i neinum vafa um, að kvikmyndahúsin hjer i Reykjavík geta alls ekki staðist fjárhagslega, ef slíkt gjald fyrir sýningarleyfi verður lögleitt, sem hjer er um að ræða, nema verð aðgöngumiða sje jafnframt hækkað, og byggi jeg það álit mitt á afkomu þeirra undaufarin ár. Frumvarpið gerir og ráð fyrir, að fjárhagsörðugleikar verði afleiðing laganua fyrir kvikmyndahúsin og ætlar því dómismálaráðherra að veita nýjum kvikmyndahúsnm gjaldfrelsi um nokkurt árabíl. — Mjer virðist það mnndi verða óheppileg aðferð, ef löggjafarvaldið visvitandi gerði fyrirtækjum, sem starfrækt hafa verið um langan tíma, ómögulegt að starfa áfram, en ívilnaði jafuframt samskonar fyrirtækjum uýjum svo þau gætu komist af meðan eldri fyrirtækin væru að veslast upp.

Ef á annað borð á að lögleiða að nýjn verulegan skatt fyrir að fara á kvikmyndasýningu, þá virðist eðlilegra, að sá skattur renni allur i sveitar- eða bæjarsjóð og mundi hann þá að eiuhverju leyti verða til að ljetta útsvarsgreiðslur sömu skattgreiðenda. Það er varhugavert, hversn seilst er á margan hátt i vasa borgaranna til að draga þaðan fje i rikissjóð, en sveitar- og bæjarsjóðum er sem ekkert eftirlátið af gjaldþoli borgaranna, og næstum eina tekjulind þessara sjóða eru útsvörin.

Að lokum vil jeg vekja athygli á, að ef á annað borð á að skattleggja kvikmyndahúsin virðist formúlan i 13. gr. frumvarpsins mjög óheppilegur grundvöllur, þar sem hún hækkar leyfisgjaldið i rjettn hlutfalli við verð aðgöngnmiða og því veitir kvikmyndahúsunum tiltölulega mikinn hagnað af því að hækka verðið.

Mentamálanefnd efri deildar Alþingis, Reykjavík.